

Samþykkt fyrir Öldungaráð Blönduósbæjar

1. gr.

Umboð

Öldungaráð Blönduósbæjar starfar í umboði sveitarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Blönduósbæjar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

2. gr.

Verksvið

Öldungaráðið skal vera sveitarstjórn og nefndum Blönduósbæjar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Blönduósbæjar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til sveitarstjórnar sem varðar verksvið þess.

3. gr.

Hlutverk

Öldungaráðið er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru 67 ára og eldri, félagsamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Blönduósbæjar í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við stofnanir á vegum sveitarfélagsins, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu sveitarfélagsins til bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri.

Helstu markmið eru:

- Öldungaráð stuðlar að skoðanaskiptum eldri borgara og kjörinna fulltrúa um stefnu og framkvæmd málefna eldri borgara á Blönduósi.
- Öldungaráð stuðlar að aukinni samstöðu milli kynslóða til að skapa samfélag fyrir alla aldurshópa.
- Öldungaráð leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast.
- Öldungaráð hefur að leiðarljósi markmið laga um málefni aldraðra.
- Öldungaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um öldrunarmál.

4. gr.

Skipan

Öldungaráðið er skipað þrem fulltrúum, frá sveitarstjórn, þrem fulltrúum tilnefndum af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Þá skal einnig vera tilnefndur einn fulltrúi til vara, frá hverjum aðila. Einnig getur ráðið tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjórn kýs formann ráðsins en öldungaráð skiptir öðru leyti með sér verkum, setur sér starfsreglur um framkvæmd verkefna og m.a., gerð tillagna til sveitarstjórnar um öldungarþjónustu. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og sveitarstjórnar, en að öðru leyti er vísað til 2.mg. 38.gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga (með síðari breytingum) og með hliðsjón af 8. gr. Laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra (með síðari breytingum).

5. gr.

Verkstjórn og verkaskipting

Formaður er í forsvari um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Öldungaráðið er vistað hjá skrifstofu sveitarfélagsins.

6. gr.

Boðun funda og fundarsköp

Öldungaráðið skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega auk opins fundar með sveitarstjórn og hagsmunaaðilum þegar svo ber undir. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi að sumarlagi. Formaður öldungaráðsins boðar fundi, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Blönduósbæjar. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Blönduósbæjar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

7. gr.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Öldungaráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til sveitarstjórnar jafnóðum.

8. gr.

Málsmeðferð

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnslulögum og verklagsreglum um stjórnsluna. Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Blönduósbæjar.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar þann 14. apríl 2015